

Leiðbeiningar fyrir seljendur bifreiða og tækja

Varðandi sölumeðferð:

1. Seljandi (stofnun, ohf) sendir Ríkiskaupum beiðni um sölu bifreiða og/eða tækja. Eyðublað er á heimasíðu Ríkiskaupa <http://www.rikiskaup.is/til-solu/>
2. Ríkiskaup staðfesta lágmarksverð að höfðu samráði við Bílauppboð ehf og seljanda.
3. Ríkiskaup senda tölvupóst á seljanda með afriti á Bílauppboð ehf þar sem fram kemur eftirfarandi:
 - Staðfesting á lágmarksverði
 - Tengiliður hjá Bílauppboð ehf
4. Seljandi kemur bifreið eða tæki til Bílauppboðs ehf sem hefur uppboðsferlið. Bílauppboð ehf er til húsa að Suðurhrauni 3, 210 Garðabæ, sími 522 4610.
5. Opnunardagur tilboða á bifreiðum í eigu ríkisstofnana og fyrirtækja er á þriðjudögum.
6. Uppboðstími er upp. ein vika.
7. Hafi lágmarksverði ekki verið náð og búið er að bjóða bifreiðina/tækið upp tvisvar þ.e. að farnar hafi verið tvær umferðir á uppboðsvefnum munu Ríkiskaup koma að ákvörðun um næstu skref.
8. Bifreiðar/tæki sem eru ógangfær eða vegna staðsetningar reynist erfitt að koma á uppboðsstað, er eftir sem áður mögulegt að bjóða upp hjá Bílauppboði ehf. Til þess að svo megi verða verður seljandi að senda greinargóða lýsingu á ástandi bifreiðar/tækis og myndir sem sýna umræddan búnað frá öllum hliðum svo og að innan. Seljanda ber að uppfylla kröfur Bílauppboðs ehf hvað þetta varðar.

Frágangur og uppgjör:

1. Bílauppboð ehf annast frágang afsals og gengur frá eigendaskiptum.
2. Bílauppboð ehf annast uppgjör til stofnunar.
3. Bílauppboð ehf sendir Ríkiskaupum yfirlit yfir allar seldar bifreiðar og tæki á tveggja mánaða fresti ásamt söluupphæðum.

Gjaldskrá	Verð kr. án vsk	Verð kr. með vsk
Uppboð og sala ökutækja, véla og tækja seld á 150.000- kr. eða meira	40.000	49.600
Uppboð og sala ökutækja, véla og tækja, seld á undir kr. 150.000,-	20.000	24.800
Uppboð notaðra muna 20% af söluverði	Þó að hámarki 40.000	Með vsk 49600
Geymslugjald á sólarhring innanhúss	1.613	2.000
Þóknun ef greitt er með debetkorti		500
Þóknun ef greitt er kreditkorti		2,80%